

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2001 frá 23. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/505/EB frá 25. júlí 2000 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 90/539/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum og um breytingu á ákvörðun 96/482/EB um dýraheilbrigðiskröfur og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum, öðrum en strútfuglum og eggjum þeirra, þar með taldar ráðstafanir á sviði dýraheilbrigðis sem beita skal eftir að slíkur innflutningur hefur átt sér stað⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 8.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn undir fyrirsögninni:

„- **32000 D 0505:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/505/EB frá 25. júlí 2000 (Stjtið. EB L 201, 9.8.2000, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 201, 9.8.2000, bls. 8.

2. gr.

Texti ákvörðunar 2000/505/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.